

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. mars 2009 02-2009030271
T-ums 14/09


Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja - 411. mál, þskj. 696.

Ríkisskattstjóri hefur þann 13. mars 2009 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er veittur kostur á að gefa umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslegra mikilvægra atvinnufyrirtækja - 411. mál, þskj. 696.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra geti stofnað opinbert hlutafélag, eignaumsýslufélag, sem hefði það að markmiði að eiga, endurskipuleggja og selja þjóðhagslega mikilvæg atvinnufyrirtæki. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að félagið skuli hafa lokið störfum og því slitið fimm árum frá stofnun þess.

Ríkisskattstjóri telur ástæðu til að benda á að með frumvarpinu er lagt til að stofnaður verði skattskyldur lögaðili skv. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, enda er ekki að finna í frumvarpinu ákvæði sem kveður á um að opinbera hlutafélagið skuli hafa skattalega sérstöðu. Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt


Guðrún J. Jónsdóttir


Skúli Eggert Þorðarson